

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 33. fundar
Reykjavík, 18. desember 2015

Föstudaginn 18. desember 2015 var haldinn þrítugasti og þriðji fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Sóley Tómasdóttir	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Theodóra Þorsteinsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Haraldur L. Haraldsson	Hafnarfirði
Kristján Sturluson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Kolbrún G. Þorsteindóttir	Mosfellsbæ
Adam B. Finnsson	Kjósarhreppi
Sigríður Björk Guðjónsdóttir	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Ásgeir Þór Ásgeirsson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Birgir Finnsson	Varaslökkviliðsstjóri SHS
Þóra Kristín Ásgeirsdóttir	Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins

Áheyrnarfulltrúar voru Jóhannes I. Kolbeinsson frá björgunarsveitum á svæði 1 og Helga Bára Bragadóttir frá Rauða krossinum.

Fundarstjóri: Ármann Kr. Ólafsson, varaformaður
Fundarritari: Birgir Finnsson

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir höfðu borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 32. fundar AHS, 20. febrúar 2014.

Afgreiðsla: Fundargerð samþykkt.

2. Gagnagátt

Jón Viðar kynnti tilgang gagnagáttar fyrir nefndarmenn, en þar inni verða öll gögn sem varða fundi og starf nefndarinnar. Fundarmönnum bent á að hafa samband við Þóru Kristínu ef upp koma vandamál.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Kynning á nýjum starfsmanni

Jón Viðar kynnti Þóru Kristínu, nýjan starfsmann SHS, sem mun starfa að eflingu neyðarstjórna og almannavörnum fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Afgreiðsla: Kynning.

4. **Atburðir frá síðasta fundi**

Birgir fór yfir óveðrin fyrsta og sjöunda desember síðastliðinn, ásamt því að greina frá slysinu við Reykjadalsslíflu í Hafnarfirði og flóðunum í Mosfellsbæ, tæpti á þeim lærdómi sem draga mætti af þessum atburðum og mikilvægi þess að nýta hann inn í starfið við neyðarstjórnir sveitarfélaganna.

Afgreiðsla: Kynning.

5. **Verklagsreglur við röskun á skólastarfi**

Birgir og Þóra Kristín fóru yfir verklag varðandi röskun á skólastarfi. Ýmislegt hefur þróast frá því að verklagsreglurnar voru gerðar í upphafi og ákveðin atriði hafa breyst, en kominn er tími til að fara yfir þær frá grunni og gefa aftur formlega út.

Afgreiðsla: Kynning.

6. **Neyðarstjórnir sveitarfélaganna**

Birgir fór yfir störf vinnuhóps um neyðarstjórnir sveitarfélaganna og kynnti atriði sem þyrfti að halda áfram með, en að vinnuhópurinn þyrfti umboð til að halda þessu starfi áfram.

Afgreiðsla: AHS felur Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins að leiða áfram vinnuhóp tengiliða neyðarstjórna sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og að áfram sé unnið að því að styrkja neyðarstjórnirnar, meðal annars með gerð sameiginlegra viðbragðsáætlana og gátlista, ásamt aukinni samræmingu, þjálfun og samstarfi. Með vinnuhópnum starfa fulltrúar SSH og LRH.

7. **Óveður undanfarna daga**

Birgir sýndi grunnmynd af rými aðgerðarstjórnarinnar sem verður í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð á 1. hæð þar sem slökkvilið og lögregla munu hafa aðstöðu, ásamt þeim sem koma einnig að aðgerðum, s.s. fulltrúum björgunarsveita, heilbrigðisgeirans og Rauða krossins. Í kjölfar þess var fundi slitið og fóru fundarmenn að skoða aðstöðuna.

Afgreiðsla: Kynning.

Næsti fundur verður föstudaginn 15. janúar kl. 08.00.

Fylgiskjöl, voru send rafrænt með fundarboði en ekki dreift á fundinum:

– Fundargerð 32. fundar AHS, 20. febrúar 2015.